

116

12. sept. Forstöðumaður frihafnarinnar skal daglega telja birgðir sölubúðarinnar og bera saman við birgðabók. Komi fram birgðavöntun skal hann þegar í stað tilkynna það forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins og tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli.

11. gr.

12. gr.

Ráðherra ákveður með hliðsjón af flugumferð um Keflavíkurflugvöll, hvenær sölubúin skal vera opin.

13. gr.

Utanríkisráðherra ræður forstöðumann frihafnarinnar í samráði við forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins og setur honum erindisbréf.

Forstöðumaður frihafnarinnar í samráði við forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, ræður annað starfsfólk, sem nauðsynlega þarf við daglegan rekstur stofnunarinnar.

14. gr.

Utanríkisráðherra setur forstöðumanni, í samráði við forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, reglur um reikningsskil og bókhald í því sambandi. Enn fremur útbýr hann verðlista um hverja einstaka vörutegund í samráði við Áfengisverzlun ríkisins.

15. gr.

Forstöðumaður frihafnarinnar skal eigi sjaldnar en vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Skal hann jafnframt senda Áfengisverzlun ríkisins og Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins skýrslu um hinn selda gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við og samkvæmt lögum nr. 53 frá 5. júní 1958 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi, og laga nr. 19 7. maí 1928 um einkasölu á áfengi.

Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, 12. september 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Tómas Árnason.

15. sept. **117** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Björns bónda Ólafssonar, Stafholtsveggjum, Stafholtstungum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. sept. 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Björns bónda Ólafssonar, Stafholtsveggjum í Stafholtstungum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Björns Ólafssonar, bónda á Stafholtsveggjum í Stafholtstungum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Elísi Ólafssyni, klæðskerameistara í Ísafjarðarkaupstað, til minningar um Björn bróður hans. Stofnfjárframlag er kr. 12000.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla menntun í átthögum þeirra bræðra, en í því augnamiði skal veita þeim börnum verðlaun, sem fá hæsta aðaleinkunn í hverri deild barnaskólans í Stafholtstungum. Má verja til slíkra verðlaunaveitinga allt að $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxta af innstæðu sjóðsins í lok hvers reikningsárs, en verðlaun skulu vera jöfn til allra nemenda, er þau hljóta. $\frac{1}{4}$ hluti ársvaxtanna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Tekjur sjóðsins verða: Vextir af höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma, svo og gjafir eða áheit, sem honum kann að áskotnast, en vaxtatekjur einar koma til úthlutunar samkvæmt áramótauppgjöri.

5. gr.

Verðlaun úr sjóðnum skulu veitt í fyrsta sinni í lok skólaárs 1972, en á því ári, hinn 14. marz eru liðin 100 ár frá fæðingu Björns Ólafssonar. Verðlaun skulu þá afhent við skólaslit og ávallt árlega síðan.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa formaður skólanefndar, sem er formaður sjóðstjórnar, og meðstjórnendur, skólastjóri og oddviti Stafholtstungnahrepps. Stjórnin sér um eignir sjóðsins, reikningshald og fjárreiður.

7. gr.

Sjóðurinn skal varðveittur í Landsbanka Íslands í sparisjóðsbók nr. 93825, sem stofnféð var lagt inn í 5. ágúst s. l. Skal formaður skólanefndar geyma bókina í sínum vörzlum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af tveimur endurskoðendum tilnefndum af skólanefnd.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Ísafirði, 1. september 1958.

Elís Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 163 13. des. 1944,
sbr. reglugerð nr. 141 21. des. 1955.

1. gr.

26. gr. reglugerðarinar orðist svo:

- A. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 3 krónur af hverri brúttósmálest, þó aldrei minna en 20 krónur. Auk þess greiða þau skip, er stunda millilandasiglingar 40 aura af hverri nettósmálest í hvert sinn, er þau koma á höfnina úr millilandasiglingu.
- B. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum greiða 40 aura af hverri nettósmálest í hvert skipti, sem þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn.
- C. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 80 aura af hverri nettósmálest.